
DEILISKRÁNING Í LANDI HÚSATÓFTA, GRINDAVÍK



Ragnheiður Gló Gylfadóttir



*Fornleifastofnun Íslands
FS520-1307
Reykjavík 2013*

Forsíðumyndin er af vörðu GK-027:056.

© Fornleifastofnun Íslands 2013

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is


Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	6
3. Fornleifaskrá	8
4. Niðurstöður	14
Reitur 1	14
Reitur 2	14
Reitur 3	14
Reitur 4	15
5. Heimildir	16
6. Viðauki I:	17
Hnitaskrá ISN93	17
7. Viðauki II:	18

1. Inngangur

Í október 2013 óskaði Ármann Halldórsson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur eftir því að að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér deiliskráningu innan skipulagssvæðis í sveitarfélaginu Grindavík. Umrætt svæði kallast i5 í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030, er tæplega 100 ha að stærð og skiptist í átta reiti. Deiliskráningin afmarkaðist við reiti 1-4 sem eru á vesturhluta svæðisins en þar er ráðgerð uppbygging iðnaðar.



Mynd 1 Rauði kassinn sýnir grófa staðsetningu skráningarsvæðisins.

Árið 2002 aðalskráði Fornleifastofnun Íslands minjar í sveitarfélaginu Grindavík.¹ Ekki voru þekktar neinar forleifar úr heimildum á því svæði sem hér er til úttekta og það var því ekki kannað sérstaklega. Við deiliskráningu í október 2013 var farið um svæðið og það þaulgengið í leit að fornleifum. Við þá yfirferð voru samtals skráðir sex minjastaðir innan deiliskráningarsvæðisins og þrír minjastaðir rétt utan þess. Þeir eru innan við 50 m frá deiliskipulagssvæðinu og því leyft að fylgja með í fornleifayfirliti þó að þeir ættu ekki að teljast í bráðri hættu vegna framkvæmdanna.

¹ Þóra Pétursóttir, 2002.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir fornleifafraeðingur skráði minjar innan deiliskipulagsvæðis fyrir hönd Fornleifastofnunar í októberlok 2013 og sá hún einnig um úrvinnslu, kortagerð og skýrslugerð.



2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.


Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

3. Fornleifaskrá

Deiliskipulagssvæðið er allt innan þess landsvæðis sem áður tilheyrði jörðinni Húsatóftum í Grindavíkurbreppi. Deiliskráningin var unnin á 42,8 ha stóru skipulagssvæði sem skiptist í fjóra minni reiti, 1-4. Svæðið er austan við golfvöll Grindavíkur og norðan við Nesveg. Við skráninguna voru loftmyndir kannaðar og reitirnir gengnir þannig að góð yfirsýn fengist um allt svæðið. Notast var við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar innan deiliskipulagssvæðisins „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að einhverjum þeirra megi vel hlífa við raski með réttum aðgerðum. Minjastaðir sem skráðir voru í allt að 50 m fjarlægð frá deiliskipulagssvæðinu eru skilgreindir „í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyrja. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-027:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur sjálf fornleifaskráin þar sem upplýsingar er að finna um allar þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í



Mynd 2 Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

GK-027 Húsatóptir

33 hdr. 1840, óviss 1703. Konungsjörð og liggur til Viðeyjarklausturs. "Selstöðu hefur jörðin lánngvaranlega haft þar sem heitir á Selsvöllum, er þángað bæði lánngt og erfitt að sækja." Hjáleigur: Kóngshús og Garðhús. JÁM III, 20. 1836: "Seld með fleiri kóngsjörðum þetta ár, fyrir 630 ríkisdali í silfri til þáverandi landseta. Höfðu Viðeyingar hér áður útræði." SSG, 136. 1847: Jarðardýrleiki 33 1/3 hdr.JJ, 85. "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað." GB Mannlíf, 39. Kaupstaður var á Húsatóptum og var lent við Kóngshellu. Jörðin fór í eyði 1946 - GB Mannlíf, 91. 5 tómtúsbýli voru byggð í landi Húsatófta á árunum 1906-1934; Dalbær (1906-46), Vindheimar (1911-34), Blómsturvellir (1914-22), Hamrar (til 1930) og Reynistaður (1934-38).

1703: "Túnið er á næstliðnu vori þann 19. maí virt aldeilis fordjarfað að fjórðungi sínum. Þeir eftirverandi fjórðungar mjög spiltir af sandi og enn hætt við meiri skaða. Engjar öngvar. Mestalt land jarðarinnar hraun og sandi undirorpið." JÁM III, 20. 1840: "...fyrir norðan og útnorðan túnið er víðast hvar náttúruleg gyrðing af lágum hraunhömrum, sem þar gjá er kölluð; líkt er og fyrir sunnan túnið sjálfgerð gyrðing af sama efni, em þeim mismun, að hér liggur túnið fram á klettana, þar sem það að norðanverðu hefir skýli af þeim og liggur upp undir þá...Mörgum þykir fallett á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fögur, þegar í blóma standa; eru þau og allvel ræktuð." Landnám Ingólfs III, 136

GK-027:050 varða

óþekkt

63°49.976N 22°29.949V



Mynd 3. Varða 050, horft til norðvesturs.

Varða er 280 m vestan við Sundvörðu 007 og 70 m sunnan við vörðu 051. Um 20 m til vesturs frá vörðunni er gaddavírsgirðing umhverfis golfvöll Grindavíkur, Húsatóftavöll. Varðan er 50 m vestan við reit 1, rétt utan deiliskipulagssvæðis og hlutverk hennar er óþekkt.

Flatur hraunvöllur er allt umhverfis vörðuna. Hraunið er mosavaxið á köflum en víða eru hraunhólar og stakir steinar.

Varðan er á lágum, mosavöxnum hraunhól. Hún er 2x1 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en nokkuð hefur hrunið úr henni. Það má greina 4 umför grjóthleðslu og er varðan 0,7 m á hæð. Hraungrýtið í vörðunni er vaxið hvítum og gulum skófum auk mosa. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: í hættu

GK-027:051 varða

óþekkt

63°50.012N 22°29.933V



Mynd 4. Varða 051, horft til norðurs.

Varða er á hraunhrygg um 430 m suðvestan við vörðu 057 og 300 m norðvestan við Sundvörðu 007. Varðan er tæpum 40 m vestan við reit 1, rétt utan deiliskipulagssvæðis og hlutverk hennar er óþekkt.

Allt umhverfis vörðuna er hraun. Það er mosavaxið á köflum en víða eru hraunhólar og stakir steinar.

Varðan er 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Varðan er grjóthlaðin og hrunin að hluta. Greina má 3 umför grjóthleðslu í henni. Varðan er ekkert gróin né klöppin umhverfis hana.

Hættumat: í hættu

GK-027:052 varða óþekkt

63°50.291N 22°29.876V

Varða er 700 m norðvestan við sundvörðu 007 og 180 m norðvestan við landmælingavörðu 057. Meðfram vesturmörkum deiliskráningarreits austast í landi Húsatófta eru stikur, líklega er þarna gönguleið. Leiðin liggur fast austan við golfvöllinn, yfir sprungusvæði og áfram til norðausturs. Leiðinnar er ekki getið í örnefnaskrár svæðisins og er því líklega ekki gömul. Varðan er á deiliskipulagssvæðinu, innan reits 4.

Allt umhverfis vörðuna er hraun. Það er mosavaxið á köflum en víða eru hraunhólar og stakir steinar.

Varðan er uppistandandi og er á hraunklöpp. Hún er 1 m í þvermál, 0,4 m á hæð og hlaðin úr smáum steinum. Það má mest greina 6 umför grjóthleðslu í henni. Hraunklöppin er mosavaxin en varðan sjálf er lítið sem ekkert gróin. Varðan er eflaust fremur forn, bæði lag og ásynd gefur það til kynna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 5. Varða 052, horft til austurs.

GK027:053 varða óþekkt

63°50.427N 22°29.473V

Varða er 420 m norðaustan við vörðu 052 og 920 m NNA við Sundvörðu 007. Til suðurs frá vörðunni er 3 m há og brött brekka. Varðan er tæpum 40 m norðan við reit 4, utan deiliskipulagssvæðis og hlutverk hennar er óþekkt.

Úfið hraun er á þessum slóðum. Víða eru sprungnir hraunhólar og klettur. Hraunið er mosavaxið hér og þar. Lægðir eru inn á milli hraunhólanna.

Varðan er ekki mikil umfangs. Hún er 0,5 m á hæð og 0,3 m í þvermál. Hún er grjóthlaðin og má greina 6 umför. Varðan er ekki vel hlaðin, fremur eins og steinum hafi verið staflað upp ofan á hvorn annan. Varðan er ekkert gróin.

Hættumat: í hættu



Mynd 6. Varða 053, horft til ASA.

GK-027:054 varða óþekkt

63°50.346N 22°29.768V

Lítið vörðubrot er 140 m norðaustan við vörðu 052 og rúmum 780 m NNV við Sundvörðu 007. Varðan er um 50 m austan við ruddan vegslóða í hrauninu. Varðan er á deiliskipulagssvæðinu, innan reits 4.

Allt umhverfis vörðuna er hraun. Það er mosavaxið á köflum en víða eru hraunhólar og stakir steinar.

Varðan stendur á mosavaxinni hraunklöpp. Hún er 0,3 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og má sjá 3 umför af smáu hraungrýti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 7. Varða 054, horft til austurs.

GK-027:055 varða

óþekkt

63°50.329N 22°29.767V



Vörðubrot er 30 m sunnan við vörðu 054 og 600 m NNA við vörðu 051. Varðan er á deiliskipulagssvæðinu, innan reits 4.

Allt umhverfis vörðuna er hraun. Það er mosavaxið á köflum en víða eru hraunhólar og stakir steinar.

Varðan er hlaðin úr smáum hellum. Hún er 0,4x0,2 m að stærð, snýr norður-suður og 0,2 m og er á hæð. Það eru 3 umför hraungrýtis í vörðunni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Mynd 8. Varða 055, horft til austurs.

GK-027:056 varða

óþekkt

63°50.307N 22°29.780V

Fornleg varða er 80 m ANA við vörðu 052 og rúmum 700 m norðaustan við Sundvörðu 007. Varðan er hrunin að hluta og var án efa áður mun meiri umfangs en nú er. Hrun er víða meðfram vörðunni. Rúmum 40 m til vesturs frá



Mynd 9. Varða 056, horft til suðvesturs og vesturs.

vörðunni er ruddur vegslóði í hrauninu. Varðan er á deiliskipulagssvæðinu, innan reits 4.

Allt umhverfis vörðuna er hraun. Það er mosavaxið á köflum en víða eru hraunhólar og stakir steinar.

Varðan er 2,5x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,7 m á hæð en er hrunin til allra átta. Austurhluti vörðunnar er einna best varðveittur, þar má greina 3 umför hraungrýtis. Mosavaxin klöpp er allt umhverfis vörðuna. Grjótið í henni er mosavaxið og með hvítum skófum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-027:057 varða

óþekkt

63°50.222N 22°29.723V

Varða er rúmum 170 m SSA við vörðu 056 og 550 m NNV við Sundvörðu 007. Varðan er við landmælingapunkt í klöppinni sem hún stendur á. Þar er járnhnappur, m.a. merktur ártalinu 1982, og er hann mælipunkturinn. Um 20 cm eru á milli vörðunnar og járnshnappsins. Ekki er vitað hvenær varðan var hlaðin, hún gæti vel verið mun eldri en mælingapunkturinn. Varðan er á deiliskipulagssvæðinu, innan reits 3.

Varðan er á hraunklökk. Svæðið umhverfis vörðuna sem og járnhnappinn er lítið sem ekkert gróið.



Mynd 10. Landmælingapunkturinn og varða 057 skammt austan hans.

Varðan er 0,8 m í þvermál og grjóthlaðin. Hún er 0,3 m á hæð og má greina 3 umför hraungrýtis í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-027:058 varða óþekkt

63°50.038N 22°29.482V

Lítill varða er sunnarlega innan deiliskráningarsvæðisins, um 220 m norðaustan við Sundvörðu 007 og rúma 370 m austan við vörðu 051.

Varðan er á hraunklökk. Svæðið umhverfis vörðuna er lítið sem ekkert gróið.

Varðan er lítil. Hún er 0,3 m í þvermál og svipuð á hæð. Hún er gerð úr þremur steinum sem staflað er upp. Tilgangur hennar er óljós.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 11. Varða 058, horft til ANA.

4. Niðurstöður

Við úttekt á reitum 1-4 innan deiliskipulagssvæðis *i5*, voru skráðar sex fornleifar; allt vörður. Þær eru skráðar undir númerum GK-027:052 og GK-027:054-058 í fornleifaskrá. Þrjár vörður fundust skammt utan svæðisins en voru hafðar með í skýrslu þessari vegna nálægðar við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þær hafa númerin GK-027:050-051 og GK-027:053.

Vörður eru á meðal óræðari fornleifa. Þær hafa vafalítið verið hlaðnar allt frá landnámi, í mjög margvíslegum tilgangi. Leiðir voru varðaðar, landareignir afmarkaðar með vörðum, vörður voru hlaðnar til að vísa á mannvirki, sem mið, til að marka tíðir dagsins og í margvíslegum öðrum tilgangi og stundum jafnvel bara til dægrastyttingar. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi vörðurnar á deiliskipulagsreitnum voru hlaðnar eða hvenær og ekki er ólíklegt að þær séu misgamlar og hlaðnar að misjöfnu tilefni. Ástand minjastaðanna var almennt gott og lítið sem ekkert rask á þeim enda þess eðlis.

Eins og áður kom fram skipist það svæði sem tekið var út í fjóra reiti og verður nú gert grein fyrir minjum á hverjum þeirra.

Reitur 1

Einn minjastaður var skráður á þessu svæði, varða GK-027:058. Varðan er í miðjum reitnum en ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin. Varðan virðist ekki sérstaklega fornleg.

Reitur 2

Enginn minjastaður var skráður innan reitsins.

Reitur 3

Einn minjastaður var skráður innan reitsins, varða GK-027:057. Hún er skammt vestan við ruddan veglóða sem liggur í hrauninu á þessum slóðum og er á hraunklöpp. Vegslóðinn er ekki forn. Um 30 cm austan vörðunnar er járnhnappur merktur Landmælingum Íslands með ártalinu 1982. Ekki er vitað hvenær varðan er hlaðin eða hversu gamall mælingastaður þetta er.

Reitur 4

Fjórar vörður voru skráðar innan þessa reits. Tvær af vörðunum voru fornlegar og en tvær minni og e.t.v. yngri vörðubrot. Varða GK-027:052 er uppi á hraunbrún, austarlega við sprungusvæði. Á milli þeirra er stikuð gönguleið en ekki er vitað hvort að hún er gömul. Leiðin var ekki skráð við aðalskráningu árið 2002 né minnst á hana í örnefnalýsingum. Vörðubrot GK-027:054 og 055 eru öllu minni umfangs og líklega yngri. Þau eru skammt austan við ruddan vegslóðann sem áður er getið. Varða GK-027:056 er fornlegust af vörðunum fjórum. Hún er einnig skammt austan við fyrrnefndan vegslóða en líklega ekki samtíða honum, ástand hennar bendir til þess. Hún er hrunin að hluta en grjótið er mosavaxið og hvítar skófir víða. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Auk þeirra fornleifa sem skráðar voru innan reits voru eins og áður segir þrjár fornleifar innan við 50 m frá jaðri deiliskipulagssvæðis. Vörður GK-027:050 og 051 eru á hraunklöppum 30-45 m vestan við reit 1. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þær voru reistar eða hvenær. Varða GK-027:053 er 40 m norðan við jaðar reits 4. Varðan er lítil og samanstendur af ógrónu hraungrýti sem staflað var upp. Ekkert er vitað um hlutverk hennar eða aldur.

Allar þær fornleifar sem fjallað er um hér teljast í stórhættu eða hættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði framkvæmda þar sem mikils rask sé að vænta. Í mörgum tilfellum ætti ekki að vera erfitt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Þar sem ekki verður hjá raski komið úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

5. Heimildir

GB Mannfólk: Gísli Brynjólfsson: *Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók*, Rv. 1975.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-13, Kh. 1913-90; 12-13 Rv. 1990.

JJ: Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847.

MG: Magnús Grímsson (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess II), RV. 1937-1939.

SSGK: *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III) Rv. 1937-39.

Þóra Pétursdóttir (2002). *Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi*. Reykjavík, Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. 184.

Ö-Húsatóftir: Örnefnaskrá Húsatófta. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni en endurunnin af Kristjáni Eiríkssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

6. Viðauki I:

Hnitaskrá ISN93

Samtala	latitude	longitude
027050	327825.88	374659.06
027051	327843.44	374725.72
027052	327918.59	375239.91
027053	328262.17	375474.23
027054	328012.07	375337.55
027055	328011.68	375305.79
027056	327999.06	375266.34
027057	328036.53	375106.19
027058	328214.24	374738.94
027059	327759.22	375076.21
027060	327749.36	375022.96

7. Viðauki II:
Kort af deiliskráningarsvæðinu.

